

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur Johannessen

Aðstoðarritstjóri: Karl Blöndal

Hvergi látið eins og hér

Umræður um aflandsreikninga heltóku íslenska sviðið fyrstu 10 dagana í apríl. Í hendingskasti urðu kunnir yfirborðskjaftaskar sérfræðingar í málinu og gátu í krafti meintra vitsmuna sinna kveðið upp gildishlaðna dóma í málinu. Fullrytt var, eins og hefðbundið er, að allar þroskaðar þjóðir hefðu tekið á slíku máli af mikilli hörku. Ísland væri hins vegar „banana-lýðveldi“. Það fullrytt meðal annars rétt einu sinni þeir sem sleiktu, hvenær sem þeir máttu, skósólana á helstu auðhringjum þessa litla lands fyrir fáeinum árum.

Ög hamskipti höfðu stjórn-málamein, sem töldu merki um að sólin kynni nú óvænt að brjóta út úr skýjaþykkninu sem hefur hulið þá eftir atlögur síðustu ríkisstjórnar gegn samheldni þjóðarinnar á óvissutíð. Forystumenn úr þeirri átt, eins og Katrín Jakobsdóttir, kusu að kalla aflandsreikninga „leynireikninga í skattaskjólum“, til að geta komið því til skila að reikningshafar væru jafnframt skattsvikarar, án þess að þurfa að segja það beint. Ekki var það stórmannlegt.

En hvað lengst gekk sjálfur guðfaðir „Bjartrar framtíðar“, Guðmundur Steingrímsson, í ræðustól þingsins: „Virðulegur forseti. Hann er þyrjaður aftur, trumbuslútturinn á Austurvelli sem maður vonaði að mundi ekki heyrast aftur í bráð. Það rifjast upp í huganum mjög frægt skilti frá því í búsaðhaldabyltingunni, frá því í mótmælunum eftir hrun. Á því stóð, með leyfi forseta: „Helvítis fokking fólk.“ Þannig líður mér. Mér líður bara eins og það starf sem margir hafa verið að inna af hendi af heiðarleika við að byggja upp traust þessa lands, byggja upp tiltrú, byggja upp samfélag – allt það starf er í klessu núna. VIÐ ERUM MEÐ FRÆGASTA FJÁRGLEFRA-MANN HEIMSBYGGÐAR-INNAR (leturbr. Mbl.) á for-síðu allra blaða þessa dagana.“

Þingmaðurinn hefur enn ekki sýnt þann manndóm að biðja þingheim og þjóð og þann sem fyrir þessari dæmalausu árás varð afsökunar.

Ástandið á Alþingi Íslendinga hefur verið þannig nú um nokkra hríð að þar virðast engin tók á að ræða mikilvæg mál af neinu viti.

Ríkisútvarpið vitnar á víxl í stóryrtustu þingmennina og í þá sem henda hroða í þinghúsið og trufla starfsfríð þess. Þeir síðarnefndu eru beðnir um að leggja mat á það hvort nóg sé að gert með því að flæma forsætisráðherra úr starfi. Engin athung fór fram á þeim sökum sem á hann voru bornar. Hleypidómar manna, af gerð Guðmundar

Hefði ekki verið ráð að þústa?

Steingrímssonar, voru látnir duga sem málsástæður, svo fráleitt sem það er.

Ríkisútvarpið reynir að flytja fréttir af því að sambærileg ósköp dynji yfir þar sem fréttir og ásakanir af sömu rót hafa verið uppi. Þannig var því slegið upp að fjöldi manna hefði staðið fyrir mótmælaaðgerðum fyrir framan Downingstræti 10, bústað breska forsætisráðherra. Kannski var framsetning fréttarinnar höfð þannig í trausti þess að enginn þekkti til.

Þegar „frétt“ Ríkisútvarpsins var skoðuð kom tvennt í ljós. Það fyrri, sem öllum mátti vera ljóst, að enginn kemst óboðinn inn í þessa götu. Hún er girt af með háum girðingum og þar standa þungvopnaðir verðir. Hundruð metra eru frá gatnamótunum að embættisbústað forsætisráðherra. Hávaði þaðan truflar því lítt eða ekki starfsfríð í bústaðnum. Raunar sýnist flesta daga vera einhverjar mótmælastöður þarna.

Hitt var að fréttamyndir sýndu á að giska 100 mótmælendur með spjöld. Miðað við íbúafjölda þar og á Íslandi var þarna því hálfur mótmælendi á ferð. En ef BBC hefði reynt og tekist að hamast eins og „RÚV“ eftir að hafa fengið verktaka til að undirbúa, á bak við svört tjöld, fyrirsát við forsætisráðherra, hefði stofnunin þurft að ná á staðinn líðlega tveimur milljónum mótmælenda, til að jafna við 8-9.000 þúsund mótmælendur í miðbæ Reykjavíkur. (Hver og einn getur reiknað viðmiðun af íbúafjölda við skálduðu töluna 22.000).

En fróðlegast er þó að bera saman umræður um málið í breska þinginu, þar sem breski forsætisráðherra fór skipulega yfir allt ruglið sem búið var að þyrlla upp um aflandsfélögin. Stjórn og stjórnarandstaða tóku fullan þátt í umræðunni og henni lauk á einni til tveimur klukkustundum.

Kannski er ein ástæða þess að BBC hefur ekki hagað sér eins og „RÚV“ sú, að forsætisráðherra upplýsti að BBC geymdi hluta sjóða sinna á aflandseyjum og það gerðu verkalyðsfélög einnig í stórum stíl og fleiri virðulegir aðilar.

Á Íslandi var forsætisráðherra flæmdur úr starfi sínu án umræðu. Sem auðvitað var ekki nema sanngjarnt, ef það er rétt, sem ekki var vítt í þinginu eða beðist afsökunar á, að þar var á ferðinni mesti „fjár-gläframaður heimsbyggðarinnar“. Það er merkilegt að Guðmundur skuli ekki hafa fengið heilan Kastljóspátt um þessa uppljóstrun sína.

Hann hefur fengið það fyrir minna.

Listframhaldsskóli tekur til starfa í ár

FRÉTTASKÝRING

Erla María Markúsdóttir
erla@mbl.is

Nýr framhaldsskóli með sérhæfingu í tónlist tekur til starfa í haust, nái tillaga mennta- og menningarmálaráðherra fram að ganga. Skólinn mun taka á móti 200 nemendum víðs vegar af landinu og kenna fer fram á framhaldsstigi.

Miðað er við að skólustarf hefjist á skólaárinu 2016-2017 með innritun nemenda af landinu öllu, óháð lögheimili. Skólanum er ætlað að bjóða upp á framhaldsskólánám með áherslu á hljóðfæraleik og söng samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla, þannig að nemendur ljúki stúdentsprófi af tónlistarbraut.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu mennta- og menningarmálaráðherra og verður samkomulag undirritað að honum viðstöddum, auk fjármálaráðherra og innanríkisráðherra, á miðvikudag. Ráðuneytið vinnur nú í samstarfi við Ríkiskaup að undirbúningi auglýsingar eftir aðilum til að setja á fót og reka slíkan skóla. Inngöngu í skólann geta fengið nemendur annarra framhaldsskóla, standist þeir sérstakt inntökuþróf.

Fjárframlag til sveitarfélaga helst óbreytt

Áfram er gert ráð fyrir samkomulagi til þriggja ára milli ríkis og sveitarfélaga um aðkomu ríkisins að tónlistarnámi á vegum sveitarfélaga fyrir aðra nemendur á framhaldsstigi í tónlist.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir í samtali við Morgunblaðið að rekstur tónlistarskólanna hafi verið að þungjast á síðastliðnum árum. „Til að bregðast við því gerði ríkið samning við sveitarfélögin árið 2011 um að koma með fjármagn inn í tónlistarskólana. Það reyndist ekki nóg til að fjármagna framhaldsstigið“, segir Halldór.

Á landsþingi sambandsins síðastliðinn föstudag fjallaði Halldór um nýja listframhaldsskólann sem hann segir vera niðurstaða nýrra viðræðna við mennta- og menningarmálaráðherra. „Ríkið mun styðja tónlistarskólana um 520 milljónir króna á ári, verðtryggt. Á móti



Morgunblaðið/Eyþór

Tónlistarnám Nýr listframhaldsskóli tekur til starfa næsta haust. Um 200 nemendur munu hefja nám í skólanum af landinu öllu, óháð lögheimili.

fjármagna sveitarfélögin eins og áður verkefni að jafnvirði 230 milljónir króna á ári. Miðað við þetta ætti fjármagn frá ríkinu að duga til að fjármagna það kennslumagn sem áfram verður hjá sveitarfélögum eftir að nýi skólinn tekur til starfa“, sagði Halldór í ræðu sinni.

Aukin ábyrgð ríkisins

Með tilkomu listframhaldsskólans segir Halldór að ríkið sé að taka á sig meiri ábyrgð þegar kemur að tónlistarkennslu. „Ríkið tekur 200 nemendur sem annars þyrfti að kosta af hálfu sveitarfélaganna.“ Að mati Halldórs kemur nýja fyrirkomulagið sér óneitanlega best fyrir nemendur búsetta í Reykjavík. „Þó svo að þarna verði nemendur úr öllum landslutum verður þetta eins konar elítuskóli. Þarna munu þeir sækja nám sem eru fremst í tónlistarnámi og ætla sér kannski að verða atvinnumenn í tónlist.“

Halldór segir hins vegar að listframhaldsskólinn muni ekki koma niður á kennslu á landsbyggðinni og að fyrirkomulagið létti á sveitarfélögum landsins.

„Það sem sveitarfélög og tónlistarskólar úti á landi höfðu áhyggjur af þegar fyrst bærast fréttir af þessu var að þetta myndi koma í staðinn fyrir fjárframlag ríkisins, en svo er ekki. Þetta á ekki að breyta neinu.“

SKIPTAR SKOÐANIR EFTIR LANDSHLUTUM

Menntaskóli tónlistar

„Þetta er allt saman í burðarliðnum, en í sjálfu sér líst mér vel á þetta,“ segir Kjartan Óskarsson, skólustjóri Tónlistarskólans í Reykjavík. Hann fagnar því að settur verði á stofn framhaldsskóli sem býður upp á sérhæfingu í tónlist. „Mér líst vel á að það verði settur á stofn skóli sem einbeittir sér að því sinna krökkum sem ætla að leggja tónlistina fyrir sig.“

Skiptar skoðanir eru þó um ágæti þessa nýja fyrirkomulags. Theodóra Þorsteinsdóttir, skólustjóri Tónlistarskóla Borgarfjarðar, segir að upp hafi komið umræða um að gæði framhaldsnáms í öðrum tónlistarskólum skerðist með tilkomu nýja skólans. „Það er ugður í mönnum um að það muni þrengjast um hjá hinum skólunum,“ segir Theodóra.

Iðrunarlaus áfram veginn

Herra forsætisráðherra, hvað getur þú sagt mér um fyrirtæki að nafni Wintris? spurði sænski blaðamaðurinn. Forsætisráðherra þrá. Það kom fát á hann og hann fór undan í flæmingi. Svo sagði hann ósatt. „Þú ert að gefa í skyn að ég hafi ekki greitt skatta af því...“ sagði hann, kominn í vörn og farinn að gera blaðamönnum upp annarlegar hvatir til að beina athyglinni frá sjálfum sér. Bragð sem hann þekkir vel og hefur beitt gegn þeim sem taka ekki undir lofsönginn um afrek hans gagnrýnilaust. Svo gekk hann á dyr. The rest is history, eins og þeir segja.

Þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var enn að melta það með sér að ihuga að segja af sér, var það löngu hætt að skipta máli hvort eignarhald hans á Wintris var klúður, hvort honum var tæknilega séð skylt að gefa tengsl sín við félagið upp vegna þingsetu sinnar, hvort hann hefði verið vanhæfur til að koma að ákvörðunum varðandi uppgjör gömlu bankanna, þar sem kona hans, í það minnsta, var meðal kröfuhafa. Hann kom ekki heill til dýranna. Hann átti fjárhagslegra hagsmuna að gæta í skattaskjólí, á sama tíma og gamla konan gat ekki tekið út danskar krónur af íslenska bankareikningnum sínum til að gefa barnabörnunum í afmælisgjöf. Fólk var búið að fá nóg.

Það er erfitt að sjá að Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni sé stætt að sitja sem þingmaður. Hann hefur ekki beðist afsökunar, nema á flumbruganginum í fyrrnefndu við-

Pistill



Hólmfríður Gísladóttir

að Süddeutsche Zeitung hafi fengið gögnin afhent gegn ákveðnum skilyrðum og miðlunum ber að halda trúnað við heimildarmenn sína. Þá þarf að horfa til persónuverndarsjónarmiða en fjölmiðlar eiga ekki að koma að birtingu persónulegra gagna nema þau eigi sannarlega erindi við almenning. Þarna verður þingmaðurinn að vera samkvæmur sjálfum sér; hann getur ekki borið við friðhelgi fjármálaupplýsinga konu sinnar en farið fram á gagnrýnilausa opinbera birtingu upplýsinga annarra. Iðrunarlaus sér forsætisráðherra fyrirverandi ekki villu síns vegar heldur fetar áfram sömu braut. Á næstu misserum munum við komast að því hvort þjóðin vill vera honum samferða. holmfridur@mbl.is